

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Hverahlíð, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 26. mars 2009 samþykkt deiliskipulag er nær til breytingar á virkjun við Hverahlíð sbr. 4. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð.

Deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu er afgreitt af Skipulagsstofnun sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og hér með auglýst í B-deild Stjórnartíðinda samkvæmt 3. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulag fyrir Hverahlíð var auglýst frá 9. september 2008 til 7. október 2008 og með athugasemdarfrest til 21. október 2008.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartímanum en umsagnir frá lögboðnum aðilum liggja fyrir.

Deiliskipulagsbreyting þessi er fyrsta breyting á deiliskipulagi sem upphaflega var samþykkt 29. mars 2007 og öðlaðist gildi 15. nóvember 2007. Deiliskipulag þetta kemur í stað þess deiliskipulags sem er í gildi.

Skipulagsstofnun gerði umsögn við deiliskipulagið eftir auglýsingu. Fyrir liggja umsagnir og athugasemdir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins, Orkustofnun og Vegagerðinni.

Tekið er tillit til ábendinga frá umsagnaraðilum og eru uppdrátturinn og greinargerð lagfærð. Greinargerðin dagsett 20. mars 2009 með áorðnum breytingum samþykkt.

Bæjarstjórn afgreiðir deiliskipulagið, greinargerð og umhverfisskýrslu með áorðnum breytingum til auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Porlákshöfn, 20. apríl 2009.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.